

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000224/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015 vegna þriggja virkjana á veituleið Blönduvirkjunar í Húnavatnshreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015. Áætlað er að reisa allt að þrjár nýjar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar milli Blöndulóns og Gilsárlóns, þ.e. Þramarvirkjun, Friðmundarvirkjun og Kolkuvirkjun. Í lýsingu kemur fram að þau mannvirki sem tengjast fyrirhuguðum virkjunum innan svæðisskipulags miðhálendis og hafa áhrif á efni þess og framsetningu eru stöðvarhús Kolkuvirkjunar ásamt að- og frárennslisskurðum, og stöðvarhús Friðmundarvirkjunar ásamt stíflu, lóni og veituskurðum milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns auk vega með virkjunum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu, sjá einnig umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu virkjana á veituleið Blönduvirkjunar dags. 3. júlí 2014.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur